

## Flutningur stjórnsýslu um málefni hreindýra til Austurbrúar ses.

### Inngangur

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn í Fjarðabyggð dagana 13. og 14. september 2103 ályktaði um mál sem varða meðal annars flutning starfa frá stjórnsýslunni á höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var, fjallaði um umsýslu og stjórnun hreindýraveiða:

„Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að hefja, í samráði við heimamenn, vinnu við nauðsynlegar lagabreytingar svo að umsýsla og stjórn hreindýraveiða verði í höndum stofnana á Austurlandi. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að umsýsla og stjórnun sé staðsett í fjórðungnum. Jafnframt verði sveitarfélögum og hagsmunaaðilum á Austurlandi gert kleift að koma að mótun regluverks í málaflokknum þannig að veiðarnar geta skilað sem mestum arði fyrir austfirskt samfélag.“

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er komið inn á mál sem styðja við samþykkt aðalfundar SSA meðal annars í eftirfarandi köflum:

### Atvinna og fjárfesting

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.“

### Ferðaþjónusta

„Leitast verður við að nýta betur tækifæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og efla heilsárs ferðaþjónustu.“

### Nýsköpun

„Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á nýsköpun í öllum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að auka framleiðni hér á landi og það er forsenda langtímahagvaxtar að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum, opinberum rekstri og nýjum fyrirtækjum. Til að tryggja að fjárveitingar til rannsókna og þróunarstarfs nýtist sem best leggur ríkisstjórnin áherslu á að samhæfa rekstrargrunna og rekstrarumhverfi ríkisstofnana sem stunda rannsóknir og þróun.“

### Byggðamál

„Unnið verður að samþættingu opinberra áætlana og gerð sérstakra landshlutaáætlana í samvinnu við sveitarfélögin. Þannig verður hlutverk sveitarstjórna og heimamanna á hverjum stað aukið við forgangsröðun verkefna í héraði.“

„Mikilvægt er að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, m.a. með dreifingu opinberra starfa, uppbyggingu fjarskiptanets, stórauðinni ljósleiðaravæðingu og bættu raforkuöryggi.“

## Stjórnsýslan

„Ríkisstjórnin mun auka skilvirkni stjórnsýslunnar, m.a. með breytingum á skipulagi, samræmingu á stoðþjónustu, sameiningu stofnana og tilflutningi á milli sviða í samræmi við áherslur og forgangsmál.

Áhersla verður lögð á að bæta stjórnsýslu og þjónustu ríkisins, m.a. með auknu samstarfi ríkis og sveitarfélaga, rafrænni stjórnsýslu og hagnýtingu upplýsingatækni í samskiptum við íbúa.“

## Austurbrú ses.

Árið 2012 voru stoðstofnanir sveitarfélaga á Austurlandi sameinaðar undir merki Austurbrúar ses. Austurbrú er sjálfseignarstofnun stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin verður með fimm starfsstöðvar á Austurlandi og u.þ.b. 28 starfsmenn. Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin verður í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi. Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú, þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi.

## Markmið

Með flutningi á umsýslu og stjórnun hreindýra til Austurlands er markmið stjórnar SSA eftirfarandi:

- Vinna með stjórnvöldum og hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar að því að ná markmiðum sem fram koma í stjórnarsáttmálanum um að einfalda stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og færa hana nær notandanum.
- Auka atvinnu, meðal annars með því að vinna frekar úr afurðum dýranna á heimaslóð, lengja ferðamannatímann, auka arðsemi greinarinnar og gera auðlindina sýnilegri í samfélaginu.
- Auka rannsóknir og fræðslu um hegðun og ágang dýranna á svæðinu.

Með því að færa stjórnsýsluna undir Austurbrú er verið að einfalda stjórnsýsluna, færa hana nær notandanum, draga úr kostnaði og nýta Austurbrú sem er stjórnsýslueining á Austurlandi með innviði til að takast á við verkefnið. Þá er það mat stjórnar SSA að auðlindin hreindýr sé mjög vannýtt. Með breyttum stjórnunaraðferðum er hægt að byggja upp atvinnuveg, s.s. við úrvinnslu afurða, betri nýtingu afurða og breyttu skipulagi á veiðunum, sem getur skapað fleiri störf í kringum hreindýr. Í skýrslu sem Þóroddur Bjarnason prófessor og Jón Þorvaldur Heiðarsson lektor gerðu fyrir SSA og Eyþing kemur fram að framlög til rannsókna og þróunar er langt undir landsmeðaltali á Austurlandi. Með því að koma á fót stöðugildi innan háskóla- og rannsóknasviðs Austurbrúar, má segja að verið sé að auka jöfnuð í skiptingu fjár og ekki síst skapast tækifæri til að fræðast frekar um t.a.m. hegðun, útbreiðslu og áhrif hreindýra á gróður.

### **Framkvæmd breytinga**

Stjórn SSA leggur til að á vorþingi verði gerðar breytingar á 14. grein laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með þeim hætti að þar sem nafnið „Umhverfisstofnun“ kemur fyrir verði sett inn nafnið „Austurbrú“. Reglugerðum sem byggja á 14. grein laganna verði einnig breytt, s.s. reglugerð nr. 51 frá 2013, reglugerð nr. 486 frá 2003 og reglugerð nr. 487 frá 2003, þannig að þar sem nafnið „Umhverfisstofnun“ kemur fyrir komi nafnið „Austurbrú“.

Lagt er til að málaflokkurinn færist yfir til Austurbrúar 1. janúar 2015.

Djúpavogi í febrúar 2014,

f.h. Stjórnar SSA

Ólafur Áki Ragnarsson